

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. apríl 2023
Málsnúmer: 202303-0053
SS

Efni: Umsögn um matsáætlun framkvæmdar við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar og legu Borgarlínu.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 23. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun framkvæmdar Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar á breytingu á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar og legu Borgarlínu á milli Stekkjarbakka og Vogabyggðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Áhrif framkvæmdarinnar á náttúru Elliðaárdals, Elliðaárvogs og Elliðaánna sjálfra er það atriði sem tengist fagsviði Náttúrufræðistofnunar mest. Þar vega þyngst bein áhrif vegna rasks á framkvæmdasvæðinu en einnig er mikilvægt að taka fram að áhrifaþættir eins og hljóðvist og loftgæði sem alla jafna eru metin með tilliti til áhrifa á fólk hafa einnig áhrif á náttúru, sérstaklega dýralíf, og þá mögulega yfir stærra svæði en hið eiginlega framkvæmdasvæði.

Fjallað er um þrjár lausnir fyrir leið Borgarlínu á vegkaflanum milli Vogabyggðar og Stekkjarbakka. Ein þeirra, að Borgarlína liggji í austurkanti Reykjanesbrautar, getur verið útfærð þannig að legan verður mjög nálægt innsta hluta Elliðaárvogar og vestari kvísl Elliðaánna.

Tvær meginútfærslur á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verða til skoðunar í umhverfismatinu. Önnur útfærslan felur í sér frárein inn á brú sem mun liggja yfir Reykjanesbraut til að tryggja vinstri beygju inn á Bústaðaveg. Sú útfærsla mun krefjast þess að fara inn í Elliðaárdal og valda þar raski í mikilli nálægð við vestari kvísl Elliðaánna. Hin útfærslan felur í sér mun minna rask.

Þá ber að geta þess að möguleiki er til staðar fyrir allar útfærslur að Reykjanesbraut sé hliðrað til vesturs og þar með lengra frá viðkvæmum náttúrusvæðum. Jákvætt er að þetta sé almennt skilgreint sem möguleiki því þannig er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum allra útfærsla sem koma til greina á náttúru Elliðaárdalsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við áformað mat á helstu áhrifaþætti sem tengjast fagsviði stofnunarinnar þ.e. jarðmyndanir, landslag og sjónræna þætti, vatnafar og vatnalíf og mun fá tækifæri til að veita álit sitt um samanburð á valkostum í umhverfismatskýrslunni.

Ekki er stefnt að því að frekari umfjöllun um gróður eða fugla og spendýr. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að fjalla um áhrif á fugla þar sem fuglalíf í Elliðaárvogi og á vestari kvísl Elliðaánna er allnokkuð og m.a. sjaldgæfar fuglategundir sem halda þar til eins og gulendur á veturna. Slæmt væri að fjalla ekkert um möguleg áhrif þeirra valkosta sem fara



mjög nærri þessum svæðum á fuglalífið, ekki síður en á vatnalíf. Gögn um fuglalíf ættu að vera nægjanleg til að hægt sé að leggja mat á áhrifin og því ólíklegt að þörf sé á ítarlegri úttekt.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

